

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995 (hækkun bótagreiðslna).

Flm.: Inga Sæland, Guðmundur Ingi Kristinsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 7. gr. laganna:

- a. Í stað „250.000“ í a-lið kemur: 400.000.
- b. Í stað „5.000.000“ í b-lið kemur: 8.000.000.
- c. Í stað „3.000.000“ í c-lið kemur: 6.000.000.
- d. Í stað „2.500.000“ í d-lið kemur: 4.000.000.
- e. Í stað „1.500.000“ í e-lið kemur: 2.500.000.

2. gr.

Á eftir 19. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Fjárhæðir tilgreindar í 7. gr. skulu breytast árlega í samræmi við þróun launavísitölu, en þó þannig að þær hækki aldrei minna eða lækki meira en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Míða skal fyrstu árlega breytingu á fjárhæðum bóta við þróun launavísitölu frá þeim mánuði þegar löggin taka gildi til næstu áramóta.

Greinargerð.

Mál þetta var flutt á 149. löggjafarþingi (892. mál) en hlaut ekki afgreiðslu. Er það nú endurflutt óbreytt.

Bótagreiðslur sem ríkissjóður ábyrgist á grundvelli laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota takmarkast við fjárhæðir skv. 2. mgr. 7. gr. laganna. Þær fjárhæðir sem þar er kveðið á um hafa verið óbreyttar frá árinu 2012. Síðan þá hafa orðið breytingar á verðlagi og jafnframt hafa bætur ákvarðaðar í refsímálum þróast í samræmi við þær verðlagsbreytingar. Það er ágalli á gildandi löggjöf að þessar fjárhæðir þróast ekki í samræmi við verðlag. Þegar fjárhæðum var breytt síðast, í júní 2012, stóð launavísitalan (míðað við grunn frá 1989 samkvæmt vefsíðu Hagstofu Íslands) í 433,1 stigi en nú stendur hún í 675,3 stigum. Þá er ekki ósennilegt að hún kunni að hækka verulega í framtíðinni. Af framangreindum ástæðum er lagt til að fjárhæðir skv. 2. mgr. 7. gr. hækki.

Ástæða þykir til að hækka fjárhæð c-liðar umfram hlutfallslega hækkun annarra liða. Ávallt kemur betur í ljós hve mikil áhrif afbrot hafa á líf og líðan brotþola. Erfitt er að meta slík áhrif út frá læknisfræðilegum viðmiðum. Þótt líkamleg áhrif brots séu metin er erfðara að meta andleg áhrif og þau geta oft komið fram eða aukist löngu eftir að brot er framið. Því

er mikilvægt að hækka ábyrgð á bótum fyrir miska umfram hækkanir annarra bótaflokka. Þá er óskandi að slíkt veiti dómstólum hvatningu til að ákvarða hærri bætur fyrir miska í alvarlegri málum en tíðkast hefur.

Einnig er lagt til að til frambúðar hækki fjárhæðir bóta skv. 2. mgr. 7. gr. árlega í samræmi við breytingar á launavísitölu. Einnig skal lágmark ábyrgðar á bótakröfu hækka, sbr. 1. mgr. 7. gr., í samræmi við breytingar á launavísitölu. Eðlilegt er að breyting á fjárhæðum skuli fara fram um hver áramót. Miða skal fyrstu árlega breytingu við þróun launavísitölu frá þeim mánuði þegar lögín tóku gildi til áramóta. Þar sem launavísitala kann að lækka ef efnahagur versnar skyndilega er lagt til að miðað verði við vísitölu neysluverðs ef hún hefur hækkað meira eða lækkað minna á gefnu ári en launavísitala.